

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/2005, um skipan ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Svanhvíti Axelsdóttur frá samgönguráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Ferðamálasamtökum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum ferðaþjónustunnar og Sýslumannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til smávægilegar breytingar á lögum um skipan ferðamála sem einkum er ætlað að lagfæra úrræði vegna brota gegn lögnum. Nefndin leggur til málfarsbreytingu á einu ákvæði frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Efnismálsliður a-liðar 1. gr. orðist svo: Skipulagningu ferða hópa og einstaklinga, innan lands og erlendis.

Herdís Þórðardóttir, Árni Johnsen og Ármann Kr. Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. nóv. 2007.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
form., frsm.

Ólöf Nordal.

Karl V. Matthíasson.

Paul Nikolov.

Guðni Ágústsson.

Guðjón A. Kristjánsson.